



Keflavík íþróttafélag

619. stjórnarfundur þriðjudaginn 26. mars 2024 kl. 17:00

Mættir: Einar Haraldsson, Björg Hafsteinsdóttir, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Sveinbjörg Sigurðardóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir og Garðar Örn Arnarson. Fjarverandi: Stefán Guðjónsson og Þröstur Leó Jóhannsson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Liggur frammi.

2. Innkomin bréf

Fréttabréf UMFÍ, landsmót 50+ í Vogum á Vatnsleysuströnd 7. – 9. júní.

Fréttabréf UMFÍ. Sextán stöður auglýstar á átta svæðastöðum um allt land.

Tölvupóstur frá skattinum, skráning stjórnar.

Tölvupóstur frá Þrótti í Vogum, hamingjuóskir með bikartitla karla og kvenna.

Tölvupóstur frá ÍRB/ÍSÍ, opnað fyrir starfsskýrslur og frestur lengdur til 31. maí.

Tölvupóstur frá Halldóru Fríðu Þorvaldsdóttur um móttöku á erindi knattspyrnudeildar.

Tölvupóstur frá Hönnu Cörlu, svæðisskrifstofur.

Tölvupóstur frá Guðmundi formanni BUR vegna fundar með ráðherra. Umræða um börn í leit að alþjóðlegri vernd og kostnað.

3. Send bréf

Erindi knattspyrnudeildar vegna starfsmanna í sumar á Keflavíkurvelli sent í tölvupósti á Halldóru Fríðu Þorvaldsdóttur.

Erindi taekwondodeildar vegna keppniskerfis sent í tölvupósti á Hafþór Barða Birgisson til að taka fyrir í íþróttafélagsmálaráði RNB.

Ýmsir tölvupóstar sendir á deildir félagsins.

4. Raunverulegur eigandi

Það er vinna í gangi með að skipta um raunverulegan eiganda hjá deildum félagsins.

5. Þreksalur

Einar, Garðar, Björg og Birgir Már áttu fund mánudaginn 18. mars með Helga Arnars og Hafsteini Ingibergssyni vegna greiðslu fyrir notkun á þreksal. Verið er að skoða samninga.

6. Önnur mál

- Á formanna- og gjaldkerafundi var rætt að stofna búninganefnd. Hugmyndin er að allar deildir verði í eins utanyfirgöllum. Garðar Örn ætlar að vera fulltrúi aðalstjórnar í nefndinni.
- Ráðningarsamningur nýs framkvæmdastjóra ræddur og að endurskoða starfslýsingar framkvæmdarstjóra, íþróttastjóra og fjármálastjóra.
- Aðalstjórn óskar körfuknattleiksdeild til hamingju með bikarmeistaratitla karla og



kvenna. Aðalstjórn vill þakka keppendum, stjórn og starfsfólki deildarinnar, trommusveit og öðru stuðningsfólki fyrir þeirra þátt í að gera bikarúrslitadaginn að ógleymanlegum degi.

- D. Frísk til framtíðar, hreyfing fyrir 60+. Njarðvíkingar eru tilbúnir í samstarf. Umræða um að byrja í haust.
- E. Það er búið að setja filmu á glerið í fundarherbergi/Einarsstofu.

Fundi lokið kl. 18:15

Næsti fundur verður þriðjudaginn 9. apríl kl. 17:00.

Fundinn ritaði Eva Björk